



Hreyfing & hrynjandi

Tónlistarefni fyrir leikskólabörn

© Ragnheiður Þóra Kolbeins

Efnisyfirlit:

Kynning	3
Hugmyndir og áherslur að baki	4
Áður en hafist er handa – skipulag tónlistarstunda	4
Uppbygging tónlistarstunda	6
Hljóðfærin	6
Kennsluleiðbeiningar	7
Verkefni 1: Marsering - lag nr. 1	8
Verkefni 2: Hljómsveitin – ásláttur - lag nr. 2	9
Verkefni 3: Göngulagið- lag nr. 3.....	10
Verkefni 4: Hljóðfærin - lag nr. 4	11
Verkefni 5: Barnadans - lag nr. 5.....	12
Verkefni 6: Morgunverkin - lag nr. 6.....	13
Verkefni 7: Upp fjallið ég fór - lag nr. 7.....	14
Verkefni 8: Tangó - lag nr. 8	15
Verkefni 9: Stopplagið-hægt - lag nr. 9	16
Verkefni 10: Stopplagið - hratt - lag nr. 10	17
Verkefni 11: Hljómsveitin leikur sér - lag nr. 11	18
Verkefni 12: Tambúrínuleikur - lag nr. 12	19
Verkefni 13: Rólega lagið - lag nr. 13	20
Viðbótarverkefni	21
Verkefni 14: Leikum á hljóðfæri og spilum með - lag nr.2, 4 og 11	22
Verkefni 15: Leggjum hljóðfærin til hliðar - lag nr. 4	23
Verkefni 16: Eltum foringjann - lag nr. 1	24
Verkefni 17: Borða- og klappdans - lag nr. 11 og 12	25
Verkefni 18: Boltaleikur – hröð slög skráð.....	26
Verkefni 19: Leikur með slæðu – mismunandi tónhæð.....	27
Verkefni 20: Leikum á hljóðfæri og spilum með.....	28
Verkefni 21: Morgunverk	29
Verkefni 22: Kvöldverk	30
Verkefni 23: Dýrin á bænum – hægt og hratt	31
Verkefni 24: Endurtaka laglínu eða stef	32
Heimildir	33

Kynning

Hreyfing og hrynjandi, tónlistarefni fyrir leikskólabörn er lokaverkefni í viðbótarnámi til B.Ed-gráðu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Lokaverkefnið skiptist í tvennt, annars vegar er um að ræða kennsluefni í tónlist sem samanstendur af geisladiski og kennsluleiðbeiningum. Kennsluefnið er hugsað fyrir leikskólabörn þar sem samþætt er tónlist og hreyfing. Flutningur tónlistarinnar er í höndum Guðmundar Pálssonar tónlistarmanns sem einnig sá um upptökur. Hins vegar byggist lokaverkefnið á greinagerð um fræðilegar forsendur og uppbyggingu kennsluefnisins. Við val á viðfangsefni fyrir lokaverkefni lá beint við að velja eitthvað tengt tónlist en það námssvið hefur verið höfundu sérstaklega hugleikið á fimmtán ára starfsferli í leikskóla. Kennsluleiðbeiningarnar voru samdar með hliðsjón af lögunum og þeim möguleikum sem þau bjóða uppá. Mikilvægt er fyrir þann sem notar þetta kennsluefni að vera með opinn huga gagnvart því og leyfa sköpunarkraftinum að njóta sín en ljóst er að lögin má nota á margan og mismunandi hátt.

Eins og áður sagði eru öll lögin á geisladisknum, sem og dans- og hljóðfæraleikirnir sem þeim tilheyra, frumsamin af Ragnheiði Þóru Kolbeins, leikskólakennara og Guðmundi Pálssyni, tónlistarmanni. Hins vegar verður flestum þeim ljóst sem þekkja til hugmynda Ellu Jenkins að takturinn í lögum númer tvö, þrjú og níu ber sterkan keim af hennar verkum. Svipaða sögu er að segja af hugmyndum um hvernig hin svokölluðu skólahljóðfæri eru notuð í lögum númer fjögur og ellefu en þær eiga ættir að rekja til Lynn Kleiner.

Hugmyndir og áherslur að baki

Við móttun tónlistarefnisins var margt sem hafði áhrif og hugmyndir komu víða að. Þýska tónskáldið Carl Orff og bandarísku tónlistarkonurnar Lynn Kleiner og Ella Jenkins voru áhrifamest í tengslum við uppbyggingu tónlistarefnisins, val á hljóðfærum og leikjum. Eins hefur reynsla mín kennt mér að margt starfsfólk leikskóla treystir sér illa til að standa fyrir tónlistarstundum. Það ber því við að það geti hvorki sungið né leikið á hljóðfæri og hafi ekki aðgengilegar leiðbeiningar á íslensku. Lítið er til af kennslufni fyrir leikskóla um tónlist og hreyfingu með leiðbeiningum sem ekki krefjast mikils undirbúnings og aðgengilegt er hverjum sem er. Nýútkomin bók Elfu Lilju Gísladóttur, *Hring eftir hring*, bætir vissulega úr skák en þar eru ítarlegar og vandaðar leiðbeiningar fyrir þá sem vilja kynna sér vel tónlistaruppeldi barna í leikskólum.

Við gerð þessa tónlistarefnis voru hugmyndir bandarísku kennaranna Hart og Mantell (1993, bls. 7) um tónlistarsköpun barna hafðar í huga en þeir segja að eitthvað töfrum líkast búi í hverjum manni. Það búi í okkur öllum og brýst fram þegar við syngjum, klöppum eða hreyfum okkur í takt við hljómfallið. Við losum um höft, leysum tóna úr læðingi og það hríslast um okkur þægileg vellíðan.

Áður en hafist er handa – skipulag tónlistarstunda

Þegar börn byrja að spila á hljóðfæri er nauðsynlegt að kynna þeim umgengnisreglur um hljóðfærin og fá þau til þess að umgangast þau af nærgætni eins og fram kemur í kennslufræði Kleiner. Undir þetta tekur Elfa Lilja Gísladóttir í bók sinni *Hring eftir hring* (2009, bls. 83) og bendir einnig á að slík hljóðfæri ættu að vera til í hverjum leikskóla og gefa börnum tækifæri til þess að skoða þau og prófa. Þannig læra börnin mismunandi hljóm hljóðfæranna og hvernig megi beita þeim. Einnig er gott að hafa mottur sem þau geta lagt fyrir framan sig og sett hljóðfærin á. Það hjálpar þeim að afmarka sér sitt svæði og einbeita sér að sínu hljóðfæri. Börnin geta einnig skipt um hljóðfæri ef þau vilja eða þeim leyft að skiptast á. Mikilvægt er að hafa í huga þegar sungið er með börnum að tónhæð barnsraddarinnar er hærri en fullorðinna og hefja þarf sönginn út frá þeirra

raddhæð. Börnin eiga að syngja en ekki endilega kennarinn, hann getur sungið án raddar með hvetjandi látbragði sérstaklega ef hann nær ekki hæstu tónunum.

Undirbúningur byggist m.a. á því að taka strax til öll gögn sem nota á og gott er að gera ráð fyrir óvæntum uppákomum, en börnin verða þess fljótt áskynja ef stjórnandinn er óöruggur og hefur ekki allt til reiðu. Gott er að hafa tónlistarstundirnar með ákveðinni dagskrá eða formi sem er endurtekið þótt innihaldið sé mismunandi. Þannig eiga börnin betra með að ná fótfestu og verða öruggari með hlutverk sitt og um leið meira gefandi.

Í aðalnámskrá leikskóla (1999, bls. 24-25) er bent á mikilvægi þess að gefa börnum tækifæri og rými til þess að hreyfa sig og dansa og tónlistarkennsla leikskólabarna þurfi að taka mið af margskonar upplifun og skynjun. Mikilvægt er því að hafa í huga hvernig börnin læra og að kenna þeim hvaða reglur gilda í tónlistarstundum (Anderson og Lawrence, 2001, bls. 7).

Hlutverk leikskólakennara er þannig marþætt en ætti fyrst og fremst að felast í því að kynna fyrir börnum tónlist og tónlistarupplifun sem námssvið og með því er undirbúinn jarðvegur fyrir sköpun barnanna í framtíðinni. Þannig felst hlutverk leikskólakennara ekki í því að *kenna* tónlist sem slíka heldur að virkja börnin og kveikja áhuga. Undir þetta tekur Hamann (1991, bls. 8) í bók sinni um tónlistarsköpun barna þegar hann leggur áherslu á að ekki er hægt að *kenna* sköpunargáfu og því snúist hlutverk kennarans um að gefa börnunum tækifæri og rými til þess að þau geti prófað sjálf, að örva þau og hvetja með því að gefa tónlistinni rými í námskránni. Þau verða þannig betur í stakk búin til þess að yfirfæra það sem þau hafa prófað og lært yfir á aðrar aðstæður. Í útskýringum á uppbyggingu tónlistarkennslustunda taka Kleiner og Riddell (1998, bls. 2-7) í svipaða strengi þegar þær segja að kennslustundirnar verði að innihalda bæði leiki og söngva sem feli í sér óformlegar og formlegar hreyfiæfingar og hljóðfæraleik þar sem börnin fá að kanna efniviðinn og leika sér frjálts.

Uppbygging tónlistarstunda

Í tónlistarefninu er mælt með fjórskiptri uppbyggingu hverrar stundar sem eru inngangur, frjáls tími, verkefni og svo lok.

- *Inngangur* getur verið margvíslegur og er þá val hvers starfsmanns. Hugmynd er að setjast á gólfíð og haldast í hendur, bjóða börnin velkomin og syngja eitt lag, t.d. nafnalag.
- *Fjálsi tíminn* felst í því að leyfa börnunum að skoða það hljóðfærasafn sem nota á hverju sinni.
- *Verkefnin* eru eitt eða fleiri lög af geisladisknum sem nota á í tónlistarstundinni, en að sjálfsögðu má bæta við öðrum almennum sönglögum.
- *Í lokin* er gengið frá, allir setjast niður og ljúka stundinni t.d. með því að segja takk fyrir stundina.

Hljóðfærin

Við gerð tónlistarefninsins voru hin svokölluðu skólahljóðfæri (Orff-hljóðfæri) höfð í huga. Þau eru meðal annars:

- trommur, kóngatromma, handtromma
- hristur, maracas, cabasa, mexíkó-hrista
- hrynstafir
- þríhorn
- tambúrína
- bjöllubönd
- kastaníettur
- klukkuspil
- tréspil af ýmsum stærðum.

Kennsluleiðbeiningar

Lögin eru ýmist fyrir dans- og hreyfileiki eða hljóðfæraleik en í lögunum heyrast í skólahljóðfærunum (Orff-hljóðfærunum) sem eru meðal annars trommur, hristur, hrynstafir, þríhorn, tambúrína, klukkuspil og tréspil af ýmsum stærðum. Hverju lagi fylgja einnar síðu leiðbeiningar sem innihalda sömu þætti fyrir hvert lag. Fyrst er nefnt heiti lags og svo númer þess á geisladisknum. Þá er tilgreind tímalengd lagsins. Markmið aðalnámskrár leikskóla um hreyfingu og tónlist á við allt tónlistarefnið en í leiðbeiningunum eru talin þau markmið sem tengjast sérstaklega hverju lagi og viðeigandi hreyfi- eða hljóðfæraleik. Þá er framkvæmd lýst í stuttu máli, hvað á að gera og hvernig eigi að bera sig að, til dæmis í dansi eða við hljóðfæraleik. Að lokum eru talin þau áhöld eða þær aðstæður sem henta hverju lagi.

Lögunum á disknum er ekki raðað í sérstaka röð fyrir utan að í upphafi er taktfastur göngumars og í lokin er rólegt lag. Að öðru leyti má nota efnið í þeirri röð sem hentar hverju sinni. Allt tónlistarefnið hefur verið prófað með leikskólabörnum sem gaf dýrmæta sýn á hvað var gott og hverju mætti helst breyta. Þannig var til dæmis *Stopplagið* til í tveimur útgáfum – hægt og hratt – því börnin báðu um að fá að leika það hraðar.

Gangi ykkur vel.
Ragnheiður Þóra Kolbeins



Heiti lags	<i>Marsering</i>
Númer lags	1
Lengd	1:07 mín
Markmið	Að æfa börnin í að marsera og ganga í takt.
Lýsing og Framkvæmd	Lagið er ætlað til þess að nota þegar við viljum marsera með hóp barna um salinn eða innan deildarinnar. Lagið er einnig gott að nota þegar við viljum láta börnin spila frjálst með hljóðfæri. Þetta lag er líka gott að nota í byrjun tónlistarstunda og leyfa börnunum að hamast aðeins áður en við byrjum að spila á hljóðfærin.
Áhöld og aðstæður	Geislaspilari, geisladiskinn og gott rými.
Annað	Hafa gott rými þannig að allir getir notið sín. Skemmtilegt að fara krókaleiðir, jafnvel uppá einhver húsgögn og skríða undir önnur.

Til minnis:



Heiti lags	<i>Hljómsveitin – ásláttur</i>
Númer lags	2
Lengd	2:25 mín
Markmið	Að börnin læri að spila á hljóðfæri þegar það á við. Að börnin læra að taka tillit til hvers annars.
Lýsing og framkvæmd	Börnin sitja í hring á gólfinu og hvert barn með sitt hljóðfæri. Hljóðfærin eru 7 sem notast er við í laginu. Ef hópurinn er stærri geta tvö börn verið með sömu tegund af hljóðfæri. Kennarinn byrjar á því að útskýra lagið og hvernig það er byggt upp. Við hlustum á fyrsta kaflann öll saman og síðan heyrum við hvenær hvert hljóðfæri kemur inn, spilar og hættir svo þegar það næsta kemur inn: hrynstafi, þríhorn, hristur, kúabjöllu, tambúrínu, bongótrommu og bjöllur.
Áhöld og aðstæður	Hljóðfærasafn leikskólans og mottur undir hljóðfærin. Í laginu er notast við eftirfarandi hljóðfæri og í þessari röð: hrynstafi, þríhorn, hristur, kúabjöllu, tambúrínu, bongótrommu og bjöllur.
Annað	Lagið er gott að nota sem hljómsveitarlag og það má nota önnur hljóðfæri t.d. heimatilbúin hljóðfæri.

Til minnis:



Heiti lags	<i>Göngulagið</i>
Númer lags	3
Lengd	3:35
Markmið	Að börnin læri takt og að fylgja fyrirmælum.
Lýsing á framkvæmd	<p>Gott er að hafa mikið pláss í þennan leik. Öll börnin standa og eru dreifð um gólfið og tilbúin til þess að hreyfa sig. Lagið byrjar og allir gera sig tilbúna til þess að syngja og hreyfa sig eins og kennarinn syngur. Söngurinn hefst þegar orgelspilið byrjar.</p> <p>: :Saman við göngum nú öll í takt : :</p> <p>: :Við skulum ganga : :</p> <p>: :Við skulum ganga : :</p> <p>1234 1234</p> <p>Síðan skiptum við út feitlettraða orðinu og notum: Stappa, synda, hoppa og fljúga.</p> <p>Lagið er einnig hægt að nota með því að láta börnin liggja á bakinu og hreyfa sig eftir laginu og textanum.</p> <p>Saman við liggjum nú öll í takt</p> <p>Við skulum liggja</p> <p>Við skulum liggja</p> <p>1234 1234</p> <p>Síðan skiptum við út feitlettraða orðinu og notum: sparka, hjóla, kýla og búa til engla.</p>
Áhöld og aðstæður	Gott rými og jafnvel dýnur ef við ætlum að liggja á gólfinu. Geislaspilara og geisladiskinn.
Annað	

Til minnis:



Heiti lags	<i>Hljóðfærin - lag nr 4</i>
Númer lags	<i>4</i>
Lengd	<i>2:28</i>
Markmið	Að börnin læri að spila á þykjustuhljóðfæri og fylgja hljómsveitinni.
Lýsing á framkvæmd	Þetta lag er til þess að börnin æfi sig í að spila á þykjustu hljóðfæri. Hver hluti er þrjú erindi. Kennarinn útskýrir fyrir börnunum að nú séu þau að fara að spila á þykjustuhljóðfæri og að þau byrja á því að spila á sílafón, síðan tekur flauta við og að lokum spilum við á fiðlu. Ef illa gengur að fá börnin til þess að spila á þykjustuhljóðfæri er gott að láta þau hafa eitthvað til þess að slá taktinn með t.d. litla kjuða. Þá geta þau líka notað hann sem flautu og svo bogann við fiðluna.
Áhöld og aðstæður	Geislaspilara, geisladiskinn, gott rými og jafnvel kjuða. Kjuðana má útbúa úr hverju sem er t.d. upprúlluðum pappír.
Annað	

Til minnis:



Heiti lags	<i>Barnadans</i>
Númer lags	5
Lengd	2:28
Markmið	Að börnin læri að dansa saman, sama dans
Lýsing á framkvæmd	<p>Hér er ein hugmynd að dansi. Það er bæði hægt að segja þeim þegar dansað er hvað kemur næst, en einnig er hægt að kenna þeim dansinn án orða.</p> <p>Göngum til hægri Göngum til vinstri Göngum til hægri og beygja sig svo niður á gólfíð Göngum svo áfram Göngum svo aftur Göngum á staðnum öll í takt Klappa til hægri Klappa til vinstri Beygja sig svo niður á gólfíð Klappa til hægri Klappa til vinstri Ganga á staðnum</p>
Áhöld og aðstæður	Gott gólfpláss, geislaspilari og geisladiskurinn.
Annað	Lag þetta má nota í hvaða dans sem kennarinn ákveður.

Til minnis:



Heiti lags	<i>Morgunverkin</i>
Númer lags	<i>6</i>
Lengd	<i>1:30</i>
Markmið	Að börnin læri hreyfidans
Lýsing á framkvæmd	<p>Þetta er hreyfileikur sem hægt er að gera eins og hver kennari kýs. Hér er ein tillaga. Eftir forspilið er gengið er í hring og sungin línan, nú vöknum við brosandí 1 2 3. Þegar orðið brosandí er sagt brosa allir breitt og þegar við segjum 1 2 3 gerum við fingraefingu, þumalfingur er 1, vísifingur er 2 og langatöng er 3. Með þessum leik er nauðsynlegt að notast við hreyfingar og þykjast greiða hárið, bursta tennur og svo framvegis.</p> <p>::: Nú vöknum við brosandí 1 2 3 :::</p> <p>Okkar morgunverk</p> <p>::: Nú greiðum við hárið 1 2 3 :::</p> <p>Okkar morgunverk</p> <p>::: Nú burstum við tennurnar 1 2 3 :::</p> <p>Okkar morgunverk</p> <p>::: Nú förum í fötin 1 2 3 :::</p> <p>Okkar morgunverk</p> <p>::: Nú borðum við morgunmat 1 2 3 :::</p> <p>Okkar morgunverk</p>
Áhöld og aðstæður	Gott rými, geislaspilari og geisladiskurinn.
Annað	

Til minnis:



Heiti lags	<i>Upp fjallið ég fór</i>
Númer lags	7
Lengd	1:14
Markmið	<p>Að börnin læri að syngja saman.</p> <p>Að börnin læri að syngja til skiptis.</p> <p>Að börnin læri að taka tillit til hvers annars.</p>
Lýsing á framkvæmd	<p>Hér er ein hugmynd að hreyfileik með söng. Fyrst syngja öll börnin saman, svo taka stelpurnar við og strákarirnir standa kyrrir á meðan. Því næst syngja strákarirnir og stelpurnar standa kyrrar. Í lokin syngja allir saman og gera hreyfingarnar með.</p> <p>: : : Upp fjallið ég fór sjáðu hvað ég er stór : : :</p> <p>Og ég hljóp þangað alla leið.</p> <p>Önnur hugmynd er að gera hreyfingar um leið og lagið er sungið.</p> <p>Upp fjallið ég fór, sveifla höndum eins og við séum að ganga.</p> <p>Sjáðu hvað ég er stór, teygja hendur upp í loft og sýna hvað við erum stór.</p> <p>Hljóp þangað alla leið, þykjast hlaupa hratt en á staðnum.</p>
Áhöld og aðstæður	Geislaspilara, geisladiskurinn og gott rými.
Annað	Þetta lag eru fjögur erindi og því hægt að nota það við ýmis verkefni, t.d. hljóðfæraæfingar.

Til minnis:



Heiti lags	<i>Tangó</i>
Númer lags	8
Lengd	2:28
Markmið	Að börnin kynnist tangótakti.
Lýsing á framkvæmd	Þetta lag er frjálst. Hægt er að dansa tangó að vild, ganga í takt og í röð. Þarna er hægt að leika sér og láta börnin ganga í mismunandi útfærslum á marsringum. Þeir kennarar sem þekkja til gömlu dansanna ættu ekki að vera í vandræðum með að nýta sér lagið.
Áhöld og aðstæður	Geislaspilari, geisladiskurinn og gott rými.
Annað	

Til minnis:



Heiti lags	<i>Stopplagið-hægt</i>
Númer lags	9
Lengd	2:44
Markmið	Að börnin læri að fara eftir fyrirmælum. Að börnin hreyfa sig þegar við á og stoppa þegar við á í laginu.
Lýsing á framkvæmd	<p>Þetta er skemmtilegur leikur sem hægt er að útfæra á marga vegu. Ein hugmyndin er að börnin eru frjáls og kennarinn ákveður alltaf hvað gera á næst. Hins vegar er líka hægt að leyfa börnunum að ákveða hvað er gert næst þegar þau þekkja lagið. Hér kemur ein hugmynd.</p> <p>Börnin byrja á því að ganga.</p> <p>:::Við göngum og göngum og göngum og stopp ::: : :::Við skautum og skautum og skautum og stopp ::: : :::Við stökkvum og stökkvum og stökkvum og stopp ::: : ::::Banka á brjóst, banka á brjóst, banka á brjóst og stopp ::: : ::::Banka á hné, banka á hné, banka á hné og stopp ::: :</p> <p>Millispil er í laginu til þess að afmarka hvenær við skiptum úr göngu í stopp. Auk þess er gert ráð fyrir því að hver hreyfing sé gerð fjórum sinnum.</p>
Áhöld og aðstæður	Geislaspilari, geisladiskurinn og gott rými.
Annað	

Til minnis:



Heiti lags	<i>Stopplagið - hratt</i>
Númer lags	10
Lengd	2:31
Markmið	Að börnin læri mun á því að hreyfa sig og stoppa.
Lýsing og framkvæmd	<p>Hér er gert ráð fyrir því að leika sama leikinn og er í lagi númer 9. Takturinn er hraðari og eykst þegar líður á lagið. Þetta finnst börnum mög gaman að prófa.</p> <p>: : : Við göngum og göngum og göngum og stopp : : : : : : Við skautum og skautum og skautum og stopp : : : : : : Við stökkvum og stökkvum og stökkvum og stopp : : : : : : Banka á brjóst, banka á brjóst, banka á brjóst og stopp : : : : : : Banka á hné, banka á hné, banka á hné og stopp : : :</p>
Áhöld og aðstæður	Geislaspilari, geisladiskurinn og gott rými.
Annað	

Til minnis:



Heiti lags	<i>Hljómsveitin leikur sér</i>
Númer lags	11
Lengd	2:02
Markmið	Að börnin æfi sig að leika á hljóðfæri.
Lýsing á framkvæmd	<p>Þetta lag er notað þegar börnin eru að æfa sig að spila á hljóðfæri. Börnin sitja á gólfinu og eru með mottur fyrir framan sig og hljóðfæri á þeim. Það er alveg sama hvaða hljóðfæri eru notuð við þetta lag, bara það sem er til á hverjum stað.</p> <p>Hér er ein hugmynd:</p> <p>Börnin eru 6 og eru með eitt hljóðfæri á mann. Þau spila því einu sinni hvert.</p> <p>Gert er ráð fyrir því í laginu með takti að þá sé skipt um hljóðfæraleikara.</p>
Áhöld og aðstæður	Hljóðfærasafn leikskólans, mottur, geislaspilari og geisladiskurinn.
Annað	

Til minnis:



Heiti lags	<i>Tambúrínuleikur</i>
Númer lags	12
Lengd	3:10
Markmið	Að börnin læri að einbeita sér, skiptast á að koma fram og skemmta sér.
Lýsing á framkvæmd	Þennan leik má leika í stórum sem smáum hóp. Í stundum þar sem öll deildin er saman komin. Börnin sitja í hring á gólfinu og starfsmenn dreifa sér á milli. Einn stjórnandi byrjar leikinn með því að sýna þeim tambúrínu, láta heyrast í henni og sendir hana svo af stað. Gott er að hafa fyrsta hringinn frjálsann og leyfa þeim að spila að vild. Svo kemur tambúrínan aftur til stjórnandans. Þá gefur hann börnunum merki um að ekki eigi að spila á tambúrínuna, heldur láta hana ganga milli barnanna án þess að í henni heyrast. Þetta kallar á mikla einbeitingu. Þegar stjórnandinn fær hana aftur í hendur breytir hann leiknum og lætur nú öll börnin spila að vild en tambúrínan gengur manna á milli.
Áhöld og aðstæður	Geislaspilari, geisladiskurinn og tambúrína.
Annað	

Til minnis:



Heiti lags	<i>Rólega lagið</i>
Númer lags	13
Lengd	3:54
Markmið	Að börnin læri að slaka á.
Lýsing á framkvæmd	<p>Þetta lag er gott að nota í lok stundar og leyfa börnunum að slaka á eftir skemmtilega tónlistarstund.</p> <p>Kennarinn getur líka notað þetta lag á milli verkefna í tónlistarstund eða í byrjun til þess að ná athygli allra.</p>
Áhöld og aðstæður	Geislaspilari, geisladiskur, gott rými og jafnvel dýnur.
Annað	

Til minnis:



Viðbótarverkefni

Á næstu síðum eru verkefni sem starfsfólk getur nýtt ein sér eða með lögunum á geisladisknum. Það er tekið fram ef verkefnið er hægt að vinna með lagi af geisladisknum og er það skráð undir liðnum annað.



Heiti verkefnis	<i>Leikum á hljóðfæri og spilum með</i>
Markmið	<p>Að auka eftirtekt barnanna.</p> <p>Að kenna börnum að vinna með mismunandi hljóðfæri.</p> <p>Að kenna börnum að taka leiðbeiningum og fara eftir þeim.</p> <p>Að kenna börnunum að hægt er að leika á hljóðfæri án þess að gera eingöngu hávaða.</p>
Lýsing á framkvæmd	Börnin fá mismunandi hljóðfæri í hendur. Stjórnandinn leikur lag og segir til um hvenær leika má á hvert hljóðfæri.
Áhöld og aðstæður	<p>Ýmis konar slagverkshljóðfæri s.s.:</p> <p>Tambúrína, kúabjalla, bjöllur, stafir og trommur.</p> <p>Karton með rauðum hring á annari hliðinni og grænum á hinni hliðinni. Það er hægt að nota til þess að láta þau vita hvenær má spila og hvenær ekki. Grænt eins og á götuvitanum, má spila og rautt, má ekki spila.</p>
Annað	Hægt er að nota lag nr 2, 8 og 11.

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Leggjum hljóðfærin til hliðar</i>
Markmið	Að auka eftirtekt barnanna. Að kenna þeim að taka leiðbeiningum. Að æfa hlustun.
Lýsing og framkvæmd	Börnin eru með hljóðfæri hjá sér en í stað þess að leika á þau gengur æfingin út á að aga þau í að leggja hljóðfærin til hliðar.
Áhöld og aðstæður	Geislaspilara, geisladiskinn, mottur og hljóðfærasafn leikskólans.
Annað	Lag nr. 4 hentar vel.

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Eltum foringjann</i>
Markmið	Að börnin læri að fylgja fyrirmælum.
Lýsing á framkvæmd	Stjórnandinn leikur lag og fær börnin til að fylgja sér í mismunandi hreyfingum – einskonar þrautakóngur. Gott er að vera búinn að raða húsgögnum í herberginu þannig að hægt sé að fara undir borð, yfir stóla og hvað eina sem ykkur dettur í hug. Ef notuð er tromma er tilvalið að slá á hana hægt og hratt til þess að auka gleðina í leiknum.
Áhöld og aðstæður	Geislaspilari, geisladiskurinn, jafnvel tromma, gott rými og húsgögn.
Annað	Byggt á gamla góða þrautakóngnum. Lag nr. 1 hentar vel.

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Borða- og klappdans</i>
Markmið	<p>Að börnin læri að einbeita sér.</p> <p>Að börnin læri að skiptast á að koma fram.</p> <p>Að börnin skemmti sér.</p>
Lýsing á framkvæmd	<p>8–10 börn í hóp.</p> <p>4 - 5 þeirra fá í hendurnar borða sem eru fastir við prik. Hin börnin hafa ekkert en eiga að klappa með lófunum. Við röðum okkur í hring á gólfið og gott að hafa mjög gott pláss. Til þess að afmarka þennan dans af er gott að hafa mottur á gólfunum – svokallað heimili.</p> <p>Lagið byrjar og dansinn einnig. Þegar rólegi partur lagsins er spilaður, dansa börnin sem hafa borðana. Gott er að láta þau hreyfa sig frjálts um salinn. Þegar kemur að hraðari kafla lagsins draga borða börnin sig í hlé og hin koma fram á gólfið og klappa saman lófunum í takt við lagið. Þetta er endurtekið þrisvar sinnum. Þá breytist lagið, börnin sem höfðu borðana leggja þá frá sér á gólfið, öll fara þau í frjálstan dans um salinn og svo finna þau sér nýjan stað þ.e. nýja mottu. Dansinn heldur svo áfram en í þetta sinn eru börnin búin að skipta um hlutverk. Þau sem áður höfðu borða hafa ekkert.</p> <p>Þennan dans má svo útfæra að vild, láta þau smella fingrum, slá á lærin á sér eða bara hvað sem er.</p>
Áhöld og aðstæður	Geislaspilari, geisladiskurinn, mottur á gólf sem má stíga á, borðar í einhverju formi, t.d. prik með áföstum borða. Hægt að nota lag númer 11 og 12.
Annað	



Heiti verkefnis	<i>Boltaleikur – hröð slög skráð</i>
Markmið	Að kenna börnunum að skrá ryþma – og klappa taktinn.
Lýsing á framkvæmd	Börnin í hópnum hafa öll einn bolta sem þau velja sér sjálf og eru þeir af mismunandi stærð. Börnin koma síðan eitt af öðru fram á gólfið og láta boltan skoppa. Starfsmaðurinn skráir hopp boltans. Þegar hvert barn hefur lokið við sitt atriði, setjast þau niður í hring og klappa öll saman púls boltanna og segja til um hvaða bolti á hvaða skráningu.
Áhöld og aðstæður	Boltar af ýmsum stærðum og gerðum, (t.d. brennibolti, fótbolti, skopparabolti, tennisbolti, borðtenniskúla og glerkúla lítil) krítartafla eða stórt blað til að skrá á hopp boltans. Gott rými.
Annað	

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Leikur með slæðu – mismunandi tónhæð</i>
Markmið	Að læra háa og lága tóna.
Lýsing á framkvæmd	Börnin sitja á gólfinu og starfsmaðurinn er með slæðuna. Henni er síðan kastað upp í loft og hún svífur niður. Börnin byrja á því að fylgjast með hreyfingum slæðunnar og greina feril hennar. Um leið og slæðan svífur niður mynda þau hljóð, með lokaðann munninn. Þau gætu byrjað á því að hafa háan tón og lækka hann síðan. Með því að breyta svifi slæðunnar má fá fram mismunandi tónhæð. Hátt uppi og síðan dimmari tón. Ekki er nauðsynlegt að hafa munninn lokaðann en það er hægt að gera til skiptis, opinn munnur og lokaður.
Áhöld og aðstæður	Slæða sem er úr léttu efni og svífur hægt til jarðar, gæti einnig verið blaðra, fjöður eða annað sem svífur hægt.
Annað	

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Leikum á hljóðfæri og spilum með</i>
Markmið	<p>Að auka eftirtekt barnanna.</p> <p>Að kenna þeim að vinna með mismunandi hljóðfæri.</p> <p>Að kenna þeim að taka leiðbeiningum.</p> <p>Að kenna börnunum að hægt er að leika á hljóðfæri án þess að gera eingöngu hávaða.</p>
Lýsing á framkvæmd	Börnin fá mismunandi hljóðfæri í hendur. Stjórnandinn leikur lag og segir til um hvenær leika má á hvert hljóðfæri. Hvetur þau til þess að spila á hljóðfærin og búa til fallett lag.
Áhöld og aðstæður	Ýmis konar hljóðfæri.
Annað	

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Morgunverk</i>
Markmið	Að fá börnin til að syngja og tjá sig um athafnir daglegs lífs að morgni.
Lýsing á framkvæmd	<p>Hringdans – börnin mynda hring og haldast í hendur.</p> <p>Sungið er um athafnir daglegs lífs og börnin koma sjálf með hugmyndir að því sem þeim er efst í huga við morgunathafnir sínar.</p> <p>Dæmi:</p> <p>Bursta tennur</p> <p>Greiða hár</p> <p>Standa upp</p> <p>Pissa</p> <p>Þvo sér í framan</p> <p>Klæða sig</p> <p>Borða</p> <p>Vinka bless</p> <p>Fara í skólann</p> <p>Hópurinn gerir sameiginlega hreyfingu á milli erinda, klappar 2x á læri og svo 1x saman lófunum.</p>
Áhöld og aðstæður	Gott svæði fyrir börnin til þess að hreyfa sig.
Annað	

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Kvöldverk</i>
Markmið	Að fá börnin til að syngja og tjá sig um athafnir daglegs lífs að kvöldi dags.
Lýsing á framkvæmd	<p>Hringdans – börnin mynda hring og haldast í hendur.</p> <p>Sungið er um athafnir daglegs lífs og börnin koma sjálf með hugmyndir að því sem þeim er efst í huga við kvöldathafnir sínar.</p> <p>Dæmi:</p> <p>Borða kvöldmat</p> <p>Ganga frá leikföngum</p> <p>Þvo sér í framan</p> <p>Bursta tennur</p> <p>Búa um rúm</p> <p>Lesa bók</p> <p>Biðja bæn</p> <p>Loka augunum</p> <p>Hópurinn gerir sameiginlega hreyfingu á milli erinda, t.d. klappa saman lófum og klappa á læri.</p>
Áhöld og aðstæður	Gott rými fyrir börnin til þess að hreyfa sig.
Annað	

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Dýrin á bænum – hægt og hratt</i>
Markmið	<p>Að auka eftirtekt barnanna.</p> <p>Að herma eftir hljóðum.</p> <p>Að herma eftir göngulagi dýranna.</p> <p>Að taka leiðbeiningum.</p>
Lýsing á framkvæmd	<p>Starfsmaðurinn spinnur sögu um dýrin á bóndabænum. Þar ætlum við að hitta fyrir ýmis dýr. Börnin ímynda sér að þau séu stödd á bóndabæ og taka þátt í því sem kemur fyrir í sögunni. Fyrstur kemur hundurinn sem flögrar á móti okkur og geltir hratt, voff, voff, voff. Börnin endurtaka hljóðin eins líkt og mögulegt er. Því næst hittum við kúna í haganum. Kýrin er ekki með mikil læti en baular rólega, mu,mu,mu. Börnin endurtaka hljóðið. Þannig er hægt að halda áfram með 4-6 dýrahljóð s.s. kisa, hestur, krummi, mús, hani og kind. Göngulag dýranna er einnig hægt að leika og fá börnin til þess að hlaupa, ganga, skríða, stökkva og svo framvegis.</p>
Áhöld og aðstæður	Gott rými. Myndir af húsdýrunum ef við viljum til stuðnings.
Annað	

Til minnis:



Heiti verkefnis	<i>Endurtaka laglínu eða stef</i>
Markmið	Að auka eftirtekt barnanna. Að herma eftir hljóðum.
Lýsing á framkvæmd	<p>Í upphafi er gott að hafa marga hljóðgjafa og fá börnin til þessa að prófa þá og læra á hljóðin. Því næst veljum við þá hljóðgjafa sem starfsmaðurinn ætlar að hafa og setur hann þá afsíðis jafnvel á bak við skilrúm. Nauðsynlegt er að hafa tvö sett af hverju því börnin eiga að finna hljóðgjafa sem hljómar eins og sá sem starfsmaðurinn lætur heyrast í á bakvið skilrúmið.</p> <p>Nú hefst leikurinn og starfsmaðurinn byrjar á því að hrísta t.d. bjölluband og síðan alla hljóðgjafana sem hann er með. Þeir ættu að vera fjórir til sex. Því næst velur hann eitt hljóðfæri og biður ákveðið barn að finna samskonar hljóðfæri eða leyft þeim að finna út úr þessu í sameiningu.</p> <p>Ef við viljum gera leikinn aðeins flóknari má spila laglínu sem þau kunna og fá þau til að gera eins.</p>
Áhöld og aðstæður	Gott rými, hljóðfærin sem til eru og hluti til að slá á sem gefa frá sér skemmtilega tóna. Það geta verið dósir, glös eða járn dollur.
Annað	

Til minnis:

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Anderson, W. M. og Lawrence, J. E. (2001). *Intergrating Music into the Elementary Classroom.* Belmont: Thomson Learning, Inc.

Choksy, L., Abramson, R. M., Gillespie, A. E., og Woods, D. (1986). *Teaching Music in the Twentieth Century.* New Jersey: Prentice Hall, Inc.

Elfa Lilja Gísladóttir. (2009). *Hring eftir hring.* Reykjavík: Elfa Lilja Gísladóttir.

Hamann, D. L. (1991). *Creativity in the Music Classroom.* Virginia: Music Educators National Conference.

Hart, A. og Mantell, P. (1993). *Kids make Music. Clapping and Tapping from Bach to Rock.* Vermont: Williamson publishing.

Kleiner, L. og Riddel, C. (1998). *Kids make Music, Babies make Music, too!* Miami, Florida: Warner Bros. Publications.

Palmer, M. og Sims, L.W. (1993). *Music in Prekindergarten: Planning and Teaching.* Virginia: Music Educators National Conference.

Vefheimildir

Jenkins, Ella. Sótt 7. apríl 2009 af

<http://www.ellajenkins.com/pages/press/mediaframeset.html>,

Námskrá Sólborgar (2002). Sótt 16. mars 2009 af

http://solborg.is/images/stories/namskra_solborgar.pdf

<http://solborg.is/images/stories/baklingurheyrnarerfileikar.pdf>

[Upplýsingar á innanverðri forsíðu]

Leiðbeinandi: Sigríður Pálmadóttir, Lektor við Háskóla Íslands

Tónlist & upptökur: Guðmundur Pálsson

Yfirlestur: Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, bókmenntafræðingur og barnakennari

Forsíðumynd: Börn í leikskólanum Sólborg, Reykjavík. Ljósmyndari: Helga Ægisdóttir